

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Listamannasjóð Sigríðar Ingvarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listamannasjóð Sigríðar Ingvarsdóttur.

Ég undirrituð Sigríður Ingvarsdóttir, kt. 011148-6899, til heimilis að Laufásvegi 54, Reykjavík, stofna hér með, í virðingarskyni við lífsstarf föður míns, Ingvars Vilhjálmssonar, útgerðarmanns, sjóð til styrktar listamönnum og gildir um hann eftirgreind skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Listamannasjóður Sigríðar Ingvarsdóttur. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja listamenn á sviði bókmennta, leiklistar, myndlistar, tónlistar og annarra listgreina.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 400 000 — fjögurhundraðþúsund —, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins er gjafafé og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast auk vaxta og skal þeim varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal annast varðveislu hans og ávöxtun. Ber að ávaxta sjóðinn í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og skal stofnandi hans, Sigríður Ingvarsdóttir, vera í stjórn sjóðsins ævilangt og jafnframt hafa rétt til að endurskipa þrjá stjórnarmenn svo sem hún óskar. Skal einn stjórnarmaður vera tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Stjórn sjóðsins skal í upphafi skipuð eftirtöldum mönnum: Sveinn Einarsson, fv. þjóðleikhússtjóri, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, Hjálmar Ragnarsson, tónskáld, Matthías Jóhannessen, ritstjóri, Bera Nordal, forstöðumaður Listasafns Íslands, tilnefnd af menntamálaráðuneytinu og Sigríður Ingvarsdóttir.

Skipun stjórnar gildir í fjögur ár í senn.

Að Sigríði látinni skal menntamálaráðuneytið tilnefna stjórn sjóðsins og skal þess gætt að hana skipi fulltrúar hinna ýmsu listagreina.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthluta skuli styrkjum úr sjóðnum til listamanna samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðurinn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Stofnandi sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari eða ákveðið að leggja sjóðinn niður. Að honum látnum getur stjórnin gert það ef hún er einhuga um það. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. júlí 1988.

Sigríður Ingvarsdóttir.

REGLUGERÐ

um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna.

1. gr.

Orðaskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 76/1970.

Fiskeldi: Geymsla, gæsla og fóðrun laxfiska, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem fram fer eldi laxfiska í sjó, vötnum, eða á landi, þar með taldar hafbeitarstöðvar.

Kvíaeldi: Eldi laxfiska í netbúrum í söltu eða ósöltu vatni.

Strandeldi: Eldi laxfiska í tönkum eða kerjum á landi.

Hafbeitarstöð: Staður þar sem laxfiski er sleppt í hafbeit og hann veiddur í gildrum að sjávarðvöl lokinni.

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði fiska að sjávarðvöl lokinni er þeir ganga í fiskeldisstöð eða veiðivatn.

Laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og á tilteknum tíma, og hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða á öðrum tíma.

Villtur laxastofn: Hópur laxfiska sem klekst út og elst upp í veiðivatni.

Eldisstofn: Hópur laxfiska alinn í eldisstöð undan fiski sem alið hefur allan sinn aldur í fiskeldisstöð.

Hafbeitarstofn: Hópur laxfiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.

Geldstofn: Laxfiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

2. gr.

Flutningur og sleppingar á lifandi villtum laxfiskum og frjógvudum hrognum þeirra.

2.1. Flutningur á lifandi villtum löxum er óheimill nema með samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags. Óheimill er einnig flutningur lifandi villtra laxa og hroгна milli ótengdra vatnasvæða til geymslu, klaks eða sleppinga í náttúruleg vatnakerfi. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu til flutnings á lifandi villtum klakfiskum til tímabundinnar geymslu á öðrum svæðum, að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar. Að lokinni hrognatöku skal slátra öllum klaklaxi og taka sýni til rannsókna í samræmi við ákvörðun fisksjúkdómanefndar hverju sinni.